

Foreldrafélagsfundur 3. mars 2016 - Fundargerð.

Mættar eru: Anna Þorbjörg, Ágústa Sif, Bryndís, Dagbjört, Guðrún, Ólöf, Raket og Soffía leikskólastjóri.

Mikil ánægja hjá leikskólanum og börnunum með Dúa & Stemmu.

Möguleiki er á annarri leiksýningu fyrir leikskólabörnin eftir páska þar sem Dúa & Stemma var ódýrt (50 þúsund).

Krakkahestar á vorin, maí/júní. Líklega best að miða við seint í maí. Anna Harðar áframsendi póst frá Krakkahestum til okkar og við ættum að hafa samband við þau sem fyrst upp á dagsetningu.

17. júní? Mikið í gangi í Bakkagarði sem bærinn skipuleggur. Óþarfi að við séum að hugsa um eitthvað sérstakt fyrir þann dag.

Rætt var um sumarhátíð. Okkur finnst 9. júní vera góð dagsetning og ræddum um að stefna á hana. Reyndum að fá lúðrasveit í fyrra, spurning hvort það sé hægt í ár? Nóg að hafa bara eitt atriði. Leikhópurinn Lotta? Íþróttálfurinn? Brúðubíllinn?

Varaplan fyrir sumarhátíðina ef veðrið er slæmt. Fá íþróttahúsið lánað? Ef það er kalt en við verðum samt úti gæti verið sniðugt að bjóða upp á aðrar veitingar en t.d. ís.

Brúðubíllinn gæti líka komið í heimsókn á leikskólann einhvern tímann á leikskólatíma (þarf ekki að vera í tengslum við sumarhátíðina). Tékka á brúðubílnum, hvenær þau eru laus? Hvað kostar. Anna Þorbjörg tekur að sér.

Getur Seltjarnarnes keypt sýningu fyrir leikskólabörn Seltjarnarness? Athuga með kostnað, Reykjavíkurborg hefur gert svoleiðis fyrir börnin í Reykjavík.

Buffin eru í Hong Kong. Börnin fá þau fyrir sumardaginn fyrsta. Guðrún fylgist með þessu máli.

Myndataka, Harpa Hrund. Upp úr miðjum maí. -Guðrún ætlar að tala við Hörpu. Ágústa nefndi Berglindi ljósmyndara sem gæti verið annar valkostur. Hugmynd kom upp um systkinamyndir, við féllumst á að þó að það væri gaman en líklega of mikið vesen fyrir alla aðila.

Soffía: Það var næstum því orðið slys á bílplaninu um daginn. Hugmyndir um að breyta bílplaninu í hringumferð? Ólíklegt að nokkur setji sig á móti því að auka öryggi. Spurning um að lýsa svæðið einnig betur, væri hægt að pressa á bæinn um að fá betri lýsingu.

Miðvikudagur 16. mars. Stefnum á að hittast að kvöldi til.

Soffía, fundur á leikskólanum fimmtudagur 14. apríl klukkan 8:15.